

Ed.

288. Breytingartillaga

við frv. til l. um sölugjald af jörðum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Zóphóníassyni.

2. gr. orðist svo:

Greiða skal gjald af söluverði jarða eftir þeim reglum, sem hér segir:

Af söluverði, sem er 400—500% umfram fasteignamat, greiðist 10% þeirrar upphæðar.

— — sem er 500—600% umfram fasteignamat, greiðist 25% þeirrar upphæðar.

Af söluverði, sem er 600—700% umfram fasteignamat, greiðist 40% þeirrar upphæðar.

— — sem er 700% og hærra umfram fasteignamat, greiðist 60% þeirrar upphæðar.

Nú er seldur aðeins hluti úr jörð eða einstakar byggingar eða ræktunarlóðir, og ágreiningur verður um fasteignamat hins selda hluta, þá skulu viðkomandi úttektarmenn (aukamatsmenn) ákveða fasteignamatsverð þess hluta jarðarinnar, sem seldur er.